

Samþykktir fyrir Stefni hf.

I. kafli

Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Stefnir hf. Erlent aukheiti félagsins er Stefnir Asset Management Company hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Borgartúni 19 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er hvers konar daglegur rekstur verðbréfa-, fjárfestingar og fagfjárfestasjóða skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, sbr. 7. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og varsla og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu skv. 7. tl. 1. mgr. 4. gr., sbr. c-lið 6. tl. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einnig rekstur sá sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins.

II. kafli

Um hlutafé

4. gr.

Hlutafé félagsins er krónur 43.500.000 –*krónur fjörtíuogþrjámilljónirog fimmhundruðþúsund*^{00/100}– og skiptist það í jafnmarga hluti. Hver hlutur er að fjárhæð krónur 1, –*krónur ein*– að nafnverði. Heimilt er að gefa út eitt hlutabréf til hvers hlutahafa.

Hluthafafundur getur einn tekið ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutafjár.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

6. gr.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu. Hluthafar eiga þó rétt til nýrra hluta í félaginu. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

Eigendaskipti að hlutabréfi, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þó öðlast menn eigi atkvæðisrétt fyrir en að liðnum 14 dögum frá því að nafn þeirra var skráð í hlutaskrána.

Framsöl hluta skulu ávallt rituð á hlutabréfin.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arð á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber það enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna því eigenda- eða aðsetursskipti.

Heimild er að ógilda glötuð hlutabréf án dóms samkvæmt 8. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995.

Efnisatriði þessarar greinar skal prenta á hvert hlutabréf.

III. kafli

Um starfsemi og stjórn félagsins

A. Hluthafafundir

7. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Til aðal- eða aukafundar skal boða með bréfi til hluthafa með skemmst tveggja vikna fyrirvara, en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

8. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar eigi síðar en tíu sólarhringum fyrir upphaf fundar.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

9. gr.

Á hluthafafundum fylgir 1 atkvæði hverri krónu í hlutafé.

10. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Kosning stjórnar félagsins.

6. Kosning endurskoðanda.
7. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál löglega upp borin.

B. Félagstjórn

11. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar auk lögákveðins lágmarksfjölda varamanna. Stjórnin skal kosin á aðalfundi ár hvert. Aðalmenn skulu kosnir fyrst en varamenn síðan.

Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

12. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim.

Fundi skal og halda ef einhver stjórnarmanna, endurskoðandi eða framkvæmdastjóri krefst þess. Heimilt er stjórnarmönnum að taka þátt í fundi með aðstoð rafrænna miðla.

Fundir stjórnar eru lögmætir ef til fundarins er boðað í samræmi við samþykktir og að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund eða taka þátt í fundinum með aðstoð rafrænna miðla. Til gildrar samþykktar fundarins þarf að minnsta kosti meirihluta atkvæða. Það sem gerist á stjórnarfundum skal bókað í sérstaka gerðarbók.

13. gr.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni hennar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins. Henni ber að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
3. Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans.
4. Að eiga aðild að samningum um launakjör starfsmanna og réttarstöðu þeirra gagnvart félaginu.
5. Að taka stefnumarkandi og meiriháttar ákvarðanir er varða hag, fjárfestingar og starfsemi félagsins.
6. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi.
7. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á m. að halda hlutaskrá um hluthafa.

14. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg.

C. Framkvæmdastjóri

15. gr.

Framkvæmdastjóri skal vera búsettur hér á landi. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að lögum.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins. Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum, samþykktum þessum og ákvörðunum stjórnar.

IV. kafli

Ársreikningar og endurskoðun

16. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af lög-giltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi skal kjörinn á aðal-fundi félagsins. Um kjörtímabil endurskoðanda fer að lögum.

17. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. $\frac{2}{3}$ hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

18. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst $\frac{2}{3}$ hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.

V. kafli

Önnur ákvæði

19. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins 26. september 1996, með áorðnum breytingum á aðalfundi 22. apríl 1998, 27. júní 2003, 1. október 2003, 8. apríl 2004, á hluthafafundi 10. desember 2007, á aðalfundi 9. júní 2009, á hluthafa-fundi 24. nóvember 2009, á aðalfundi 16. apríl 2010, á aðalfundi 21. mars 2011, á aðalfundi 20. mars 2012, á aðalfundi 20. mars 2013 og á aðalfundi 17. mars 2015.

